



KPMG hf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 141/1292
komudagur 24.1.2013

Reykjavík, 23. janúar 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í 1. gr. frumvarpsins eru ýmsar skilgreiningar. Þær skilgreiningar sem eru í töluliðum 1-6 og 12-14 er einnig að finna í lögum um ársreikninga. Við teljum að það sé óheppilegt að vera með skilgreiningar á sömu hugtökum á fleiri en einum stað. Slík getur auðveldlega leitt til misræmis þegar fram líða stundir og nauðsyn verður á að uppfæra þessar skilgreiningar. Leggjum við því til að í stað framangreindra töluliða verði sett inn tilvísun í lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Í 3. og 9. grein frumvarpsins er meðal annars fjallað um upplýsingagjöf varðandi alla þá sem eiga að minnsta kosti 1% hlutfjár eða stofnfjár í viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Breyting sem lögð er til felst einkum í því að áður var nægjanlegt að upplýsa á vefsíðu um þá aðila sem áttu 5% eða stærri hlut í fyrirtækinu. Nú eru þessi mörk færð niður í 1% auk þess sem birta á þessar upplýsingar í ársreikningi. Þá er bætt við þeirri kröfu að upplýsa beri um raunverulega eigendur viðkomandi lögaðila. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að upplýst sé á vefsíðu um alla þá sem eiga yfir 5% eignarhlut og í ársreikningi ber að upplýsa um alla þá sem eiga yfir 10% eignarhlut.

Varðandi þessar breytingar eru athugasemdir okkar eftirfarandi. Í fyrsta lagi teljum við litla raunverulega hagsmuni í því að upplýsa um alla aðila sem eiga 1% til 5% eignarhlut þar sem áhrifin af slíku eignarhaldi eru ekki veruleg. Það kann hins vegar að hafa neikvæð áhrif á hugsanlega fjárfesta sem vilja eiga lítinn hlut ef upplýsingar um slíkar fjárfestingar eru öllum aðgengilegar. Í öðru lagi teljum við að krafa um að upplýsa um raunverulega eigendur eignarhluta sé þannig að það sé með öllu óvíst hvort hægt sé að fullnægja henni. Það er alveg óvíst að þessir aðilar hafi nokkra skyldu til þess að upplýsa um eignahald sitt og þótt slíkar upplýsingar lægju fyrir væri ekki þar með tryggt að vissa væri um hvaða aðili væri ráðandi. Þá getur bæði verið tímafrekt og kostnaðarsamt fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki að afla þessara upplýsinga og, eins og áður greinir, í sumum tilvikum yrði vinnan árangurslaus. Í þriðja lagi bendum við á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umræddar upplýsingar séu birtar í ársreikningi. Af því leiðir að þær þarf að endurskoða, eins og aðrar upplýsingar sem birtast í ársreikningnum. Eins og að framan greinir kann að reynast erfitt að afla staðfestinga þannig að hægt sé að endurskoða þessara upplýsingar.

Með vísan til þess sem að framan greinir leggjum við til að áfram verði miðað við 5% eignarhlutfall varðandi upplýsingagjöf um einstaka eigendur hlutfjár og stofnfjár. Þá teljum við nægjanlegt að birta þessar upplýsingar á vefsíðu en ekki sé ástæða til að láta umrædd ákvæði ná til ársreiknings. Í ársreikningi koma hins vegar fram upplýsingar um þá sem eiga 10% eða meira í viðkomandi fyrirtæki.

Virðingarfyllt,


KPMG ehf.